

örugga geymslu. Allan þann tíma sem handritin eru í vörslu og ábyrgð sýningarhaldara ber honum að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Handritin skulu vandlega varin fyrir hugsanlegum þjófnaði og skemmdarverkum svo og hugsanlegum skemmdum af eldi, vatni, meindýrum eða öðrum ágangi. Sýningarpúlt skulu búin fullkomnu viðvörðunarkerfi, og hafa skal stöðuga gæslu á geymslurými handritanna dag og nótt.
 - b. Handritin skulu varðveitt við jafnt hitastig sem ekki fari fram yfir 18 stig á Celsius.
 - c. Rakastig skal vera stöðugt og innan markanna 40–55%.
 - d. Handritin skulu aldrei höfð til sýnis í beinni dagsbirtu né í björtu hitageislandi ljósi. Í sýningarsal skulu vera perur með köldum geislum.
 - e. Handritin skulu aldrei höfð í birtu eða ljósi lengur en nauðsynlegt er. Að loknum sýningartíma hverju sinni skal annaðhvort myrkva sýningarsvæðið eða breiða yfir sýningarpúltin.
 - f. Handritin skulu varin fyrir útfjólubláum geislum: gluggar í sýningarpúltum skulu vera höggheldir og útbúnir með síum sem tryggi að útfjólubláir geislar komist þar ekki í gegn.
 - g. Við uppsetningu sýningar má ekki festa handritablöð með prjónum, klemmum eða neinum öðrum hætti er valdið geti skaða.
 - h. Handrit sem léð eru til sýningar má ekki ljósmynda án leyfis Árnastofnunar.
- H. Handritin verða í fyrsta lagi flutt á sýningarstað tveimur dögum fyrir opnun sýningar nema um annað sé samið. Starfsmaður Árnastofnunar fylgist með uppsetningu og frágangi handrita á sýningunni.
- I. Við lok sýningar skal a.m.k. einn starfsmaður Árnastofnunar vera kominn á sýningarstað daginn fyrir síðasta sýningardag til að fylgjast með niðurtöku sýningar og frágangi handrita. Handritin skulu síðan flutt heim við fyrstu hentugleika.

Menntamálaráðuneytið, 11. apríl 1991.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Reykhólahreppi árið 1991.

1. gr.

Sorphirðugjald í Reykhólahreppi fyrir árið 1991 skal vera kr. 4 000,00. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfísráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.